

Nd.

## 520. Nefndarálit

um frv. til I. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Því greiðari sem er aðgangurinn að áfengum drykkjum og því fleiri tegundir þeirra sem um er að velja, því meiri og almennari verður drykkjuskapurinn, og að sama skapi eykst hvers konar siðleysi, bölg og óhamingja, sem af áfenginu leiðir. Hver hinna þriggja höfuðtegunda áfengra drykkja, öl, vín og brenndir drykkir, á sinn söfnuð, ölið: unglinga (jafnvel börn) og erfiðismenn, vínið: konur og annað tízkufólk og veizlulýð, brenndu drykkirnir: drykkjusjúkt fólk að eðlisfari, svo og þá, sem orðnir eru óhöfsmenn og meiri og minni rónar fyrir vanadrykkju, sem að jafnaði hefst á hinum veikari tegundum. Það er fánýt kenning, að veikar áfengis-tegundir komi í staðinn fyrir sterku drykkina og útrými þeim. Þær vísa miklu fremur leiðina út í ófærana og gera margan manninn að drykkjumanni, sem aldrei hefði farið flatt á sterkum drykkjum. Það væri jafnvel vafasamur ávinn-ingur, þó að unnt væri að útrýma með öllu brenndu drykkjunum og láta öl og veik vín koma í þeirra stað. Hið verkandi eitur er hið sama í öllum tegundum áfengis, aðeins í mismunandi þynningum. Nú er það kunnugt, að menn hænast að áfengi eitursins vegna, og norrænar þjóðir einkum vegna *sterkra* áhrifa þess. Erum vér Íslendingar þar sitzt eftirbátar og drekkum yfirleitt til þess að verða ölvaðir og vel drukknir. En því fer fjarri, að hollara sé að iðka þvílíkan drykkju-skap með því að neyta fremur veikra áfengistegunda en sterkra. Ofdrykkja öls er ein hin óhollasta áfengisnautn, með því að þar koma ekki einungis til greina beinar verkanir áfengiseitursins á taugakerfið, heldur ofreynsla nýrna og blóð-rásarfæra, er leiðir til ómurlegs orkutjóns og illkynjaðs heilsuleysis.

Vér Íslendingar eigum nú um sáran að binda vegna almenns og siðlauss drykkjuskapar, sem er því varhugaverðari fyrir það, að nú lifum vér þá tíma, að oss hefur aldrei riðið meira á að vera algáðir. Síðan byrjað var að slaka á hinu algera áfengisbanni, hefur í áfengismáluinu verið hoptað úr hverju viginu eftir annað og ætíð með þeim augljósu afleiðingum, að drykkjuskapur og hvers konar lausung hefur magnast og orðið erfiðari viðureignar. Má nú heita, að aðeins eitt vigi sé eftir: bannið við bruggun og sölu áfengs öls í landinu. Meðan varizt er í því, er ekki hægt að segja, að vér gerum sérstakar ráðstafanir til að ginna börn og unglinga til áfengisnautnar eða svikjum áfengi ofan í erfiðismenn við vinnu þeirra með lokkandi svaladrykk. Bráðabirgðalög þau um breytingar á áfengislögunum, sem hér er farið fram á, að Alþingi staðfesti, eru fyrsta skrefið til þess, að hörfað verði nú einnig úr þessu síðasta vigi. Það má telja illa farið og ríkisstjórninni og öðrum þeim, er að því hafa stuðlað, vansæmandi að hafa ekki látið hið brezka setulið eitt um að brugga ofan í sig stríðsöl það, er það telur til nauðsynlegra hernaðaraðgerða sinna hér á landi. Með því að nú eru þeir tímar, að margt má fremur telja til lífsnauðsynja á Íslandi en brezk sterlingspund, vekur eftirsóknin eftir því, að ölbruggun þessi sé í höndum Íslendinga, þá tortryggni mína og margra annarra, að það sé gert í vísu trausti þess, að áframhald verði á þeirri starfsemi, eftir að núverandi viðskiptavinum sleppir. Dregur einn nefndarmanna (JGM) raunar ekki dul á, að hann telji of skammt gengið með frv. þessu, og vill hann helst þegar gera sölu hins áfenga öls frjálsa, bæði út úr landinu og innan lands. Uggir mig, að fleiri mikilsráðandi menn í ýmsum flokkum séu sama sinnis, þó að hagkvæmt þyki að láta hægt um fyrst í stað. Næsta skrefið er að helga einhvern hluta ágóðans af ölbrugguninni vísindastörfum eða verja honum á annan hátt til guðspakka, en slík góðgerðastarfsemi er stjóri, sem djöfullinn hefur fundið upp til að leggja siðleysinu við svo örugglega, að ekki hreki.

Ég ætla því, að það séu síðustu forvöð að stinga hér við fæti og fella þetta frv. Heiti ég á háttv. deildarmenn að minnast við atkvæðagreiðsluna þess æskulýðs, sem nú vex upp í landinu og gera má ráð fyrir, að verði að lokinni styrjöld-inni andlega sundurtættur og margvíslega reikull í ráði. Vissulega verður hann fyrir allt annað fremur þurfandi en gerðar séu sérstakar ráðstafanir til að eittra fyrir hann á þann hátt, sem telja má, að hér sé stefnt að.

Alþingi, 14. maí 1941.

Vilm. Jónsson.